

ÁMINNINGARKORT FYRIR SJÚKLINGA VARÐANDI ÞUNGUN

Velsipity (etrasimod) ▼



▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Frekari upplýsingar eru í kaflanum um tilkynningu aukaverkana.

Útgáfa: 1. Samþykkt af Lyfjastofnun í ágúst 2024

Upplýsingar fyrir sjúklinga

Ef Velsipity er notað á meðgöngu getur það skaðað ófætt barn. Meðal þess sem hætta er á að geti komið fyrir eru fósturlát og fæðingargallar.

- Konur sem eru þungaðar eða eru með börn á brjósti, eða gætu orðið þungaðar og nota ekki örugga getnaðarvörn mega ekki nota Velsipity.
- Áður en meðferð með Velsipity hefst:
 - Læknirinn sem ávísar lyfinu mun skýra fyrir þér hugsanlega áhættu fyrir ófætt barn ef þú verður þunguð meðan þú tekur Velsipity og mun upplýsa þig reglulega um hvernig hægt er að draga úr þessari áhættu.
 - Þú verður að nota örugga getnaðarvörn meðan þú tekur Velsipity og í a.m.k. 14 daga eftir að þú hættir að taka lyfið.
 - Læknirinn mun biðja þig að taka þungunarpróf, sem verður að vera neikvætt. Þungunarpróf verða einnig framkvæmd meðan á meðferðinni stendur.
- Láttu lækninn tafarlaust vita ef þú verður þunguð meðan á meðferð með Velsipity stendur eða í a.m.k. 14 daga eftir að þú hættir að taka lyfið. Læknirinn mun ræða við þig um hættu á skaðlegum áhrifum á barnið sem tengjast meðferðinni og gæti ákveðið frekari rannsóknir, svo sem ómskoðun. Hætta verður töku Velsipity á meðgöngu.

- Láttu lækninn tafarlaust vita ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti, heldur að þú getir verið þunguð eða hyggst reyna að verða þunguð.
- Berðu þetta kort á þér og sýndu það öllum læknum og lyfjafræðingum sem taka þátt í að annast þig.
- Frekari upplýsingar eru í fylgiseðlinum með Velsipity.

Tilkynning aukaverkana

Velsipity er nýtt lyf og þess vegna er fylgst vandlega með öryggi við notkun þess. Mikilvægt er að tilkynna allar aukaverkanir, einnig þær sem ekki er minnst á í fylgiseðlinum. Með því að tilkynna aukaverkanir veitir þú meiri upplýsingar um öryggi við notkun lyfsins og getur þannig hjálpað öðrum.

Vinsamlega tilkynnið allan grun um aukaverkanir til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is.

Fyllist út af lækni

Aðrar upplýsingar (vinsamlega fyllið út)

Nafn sjúklings: _____

Nafn læknis: _____

Símanúmer læknis: _____